

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi, Ísafjarðarhöfn, Ísafirði, Ísafjarðarbæ.

Á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 15. desember 2011 var samþykkt breyting á deiliskipulagi Ísafjarðarhafnar, Ísafirði.

Deiliskipulagið felur í sér að ný lóð, Ásgeirsgata 1a, bætist við suðvestan við Ásgeirsgötu 3, sem einnig fær skilgreinda lóð. Lóðin er ætluð fyrir gistiheimili og skylda starfsemi, allt að 1097,25 m<sup>2</sup> að stærð.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*Ísafirði, 19. janúar 2012.*

**Jóhann B. Helgason,**  
sviðsstjóri framkvæmda- og eignasviðs.

---

B-deild – Útgáfud.: 3. febrúar 2012